

Umhverfisstofnun
Áb. _____
<b>29. júní 2017</b>
Tilv. _____



Fiskeldi Austfjarða hf.  
Nesbala 122  
170 Seltjarnarnes

UMHVERFIS- OG  
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík  
sími: 545 8600 postur@uar.is  
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 26. júní 2017  
Tilv.: UMH17060036/20-1

Vísað er til erindis yðar frá 14. júní sl., þar sem sótt er um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir fiskeldi í Fáskrúðsfirði. Fram kemur í erindinu að Fiskeldi Austfjarða hf. hafi starfs- og rekstrarleyfi í Fáskrúðsfirði fyrir 3.000 tonna framleiðslu á regnbogasilungi. Rekstrarleyfið gildi til 1. júlí 2027 en starfsleyfið til 1. júlí 2017. Unnið er að mati á umhverfisáhrifum fyrir stækkun leyfa þ.á m. í Fáskrúðsfirði úr 3.000 tonna framleiðslu í 11.000 tonna framleiðslu. Leggja eigi endanlega frummatsskýrslu inn til Skipulagsstofnunar sama dag og sótt sé um undanþágu frá starfsleyfi og sé öllum rannsóknum lokið í tengslum við mat á umhverfisáhrifum þ.á m. burðarþolsmati. Einhverjir mánuðir séu í að umsagnarferli við umhverfismat ljúki. Þá komi fram að Fiskeldi Austfjarða hf. hafi fengið heimild Skipulagsstofnunar til að vinna samhliða að starfsleyfi og mati á umhverfisáhrifum. Á grundvelli þess hafi verið lögð inn umsókn um starfsleyfi hinn 5. janúar 2017 til Umhverfisstofnunar og hafi stofnunin staðfest móttöku umsóknarinnar. Í mati á umhverfisáhrifum sé gert ráð fyrir að eldri leyfi í Fáskrúðsfirði verði hluti af stækkunarumsókninni. Loks komi fram að nauðsyn sé að fá umrædda undanþágu þar sem fyrirhugaðar séu útsetningar núna í vor í Fáskrúðsfjörð.

Í 1. mgr. 5. gr. a laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um að allur atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. 6. gr laganna. Ráðherra er heimilt, samkvæmt 1. mgr. 5. gr. a laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi. Ráðuneytið sendi erindi yðar til umsagnar Umhverfisstofnunar með afriti á Heilbrigðisnefnd Austurlands.

Í umsögn Umhverfisstofnunar til ráðuneytisins dags. 22. júní sl. kemur fram að rekstraraðili hafi heimild í starfsleyfi til að framleiða allt að 3000 tonn af regnbogasilungi á ári í Fáskrúðsfirði. Engin starfsemi hafi verið í gangi en átlunin sé að setja út fisk á næstu vikum. Þá hafi Umhverfisstofnun sett fram kröfu um að rekstraraðili skili inn endanlegri vöktunaráætlun áður en útsetning fari fram. Rekstraraðili hafi sótt um nýtt starfsleyfi til Umhverfisstofnunar, annars vegar fyrir stækkun og sé það í ferli um mat á umhverfisáhrifum hjá Skipulagsstofnun, og hins vegar fyrir óbreyttri framleiðslu. Það muni svo koma í ljós hvaða umsókn verði unnin áfram til útgáfu. Umhverfisstofnun geri ekki athugasemdir við að rekstraraðila verði veitt tímabundin undanþága frá gildistíma starfsleyfis sbr. 1. mgr. 5. gr. a laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, og að undanþágan gildi í eitt ár eða til 1. júlí 2018. Á þeim tímamarki ætti að liggja ljóst fyrir hvernig starfsleyfismálum rekstraraðila verði fyrir komið.

Í umsögn Heilbrigðisnefndar Austurlands frá 20. júní sl. kemur fram að í síðustu eftirlitsskýrslu frá 23. október 2014 sem sé að finna á vef Umhverfisstofnunar komi fram að fyrirtækinu beri að tilkynna eftirlitsaðila ef starfsemi hefjist, sbr. grein 1.7 í starfsleyfi. Engin tilkynning um að starfsemi hafi hafist sé á heimasíðu stofnunarinnar og heilbrigðisnefnd veit ekki til þess að kvíar á vegum Fiskeldis Austfjarða hf. séu í Fáskrúðsfirði, þannig að starfsemi samkvæmt því leyfi sem sótt sé um undanþágu frá hafi engin verið. Heilbrigðisnefndin leggist ekki gegn því að fyrirtækið fái umbeðna undanþágu.


Að fengnum framangreindum umsögnum Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Austurlands og í samræmi við 1. mgr. 5. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir veitir ráðuneytið Fiskeldi Austfjarða hf., kt. 520412-0930, hér með tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir fiskeldi í Fáskrúðsfirði.

Undanþágan er bundin þeim skilyrðum að Fiskeldi Austfjarða hf. fylgi ákvæðum þeim sem koma fram í starfsleyfi fyrir kvíaeldisstöð Fiskeldis Austfjarða hf. sem gefið var út 13. febrúar 2013, sbr. starfsleyfi upphaflega frá 14. júní 2005, og að rekstraraðili skili inn endanlegri vöktunaráætlun til Umhverfisstofnunar áður en útsetning fari fram.

Undanþága þessi gildir þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út en eigi lengur en til 1. júlí 2018.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra



Sigurbjörg Sæmundsdóttir



Laurey Helga Guðmundsdóttir

Afrit:  
Umhverfisstofnun  
Matvælastofnun  
Heilbrigðisnefnd Austurlands